

# SSNV. Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Kt. 541292-2419. Pósthólf 130. 530 Hvammstangi. Sími: 455 2510. Fax: 455 2509. ssnv@simnet.is

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/915*  
*komudagur 2.2.2004*

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfisnefnd  
Alþingi  
150 Reykjavík

Hvammstanga 26 janúar 2004

Málefni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum. 301. mál.


Stjórn SSNV hefur fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum. 301. mál, og frumvarp til laga um breytingu á breytingu á skipulags- og byggingarlögum. 302. mál, og gengið frá svohljóðandi umsögn:

„Stjórn SSNV leggst gegn samþykkt frumvarpanna í óbreyttri mynd af eftirfarandi ástæðum:

- Með þeim breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum sem frumvarpið gerir ráð fyrir er verið að auka umsvif, ábyrgð, kærnaðild og málarekstur sveitarfélaga með tilheyrandi kostnaði án þess að tekjur komi þar á móti.
- Óeðlilegt er að Skipulagsstofnun ákveði mótvægisáðgerðir án samráðs við viðkomandi sveitarfélag.
- Ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis verður kærnanleg til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. Með þessu er verið að að skerða verulega sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga til að hafna framkvæmdum, því hvergi er tekið fram að úrskurðarnefndin geti ekki tekið nýjar ákvarðanir og snúið ákvörðun sveitarstjórnar við.
- Kostnaðarmeta þarf frumvörpin sbr. samkomulag þar um frá 12. desember 2002.”

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst



Bjarni Þór Einarsson,  
framkvæmdastjóri SSNV.